

## Fyrirspurn

til félags- og vinnumarkaðsráðherra um þjónustu og úrræði  
Vinnumálastofnunar sem miðast að ungu fólki  
sem er ekki í vinnu, virkni eða námi.

Frá Línéik Önnu Sævarsdóttur.

1. Hversu margir einstaklingar á aldrinum 16–29 ára njóta þjónustu Vinnumálastofnunar vegna atvinnuleysis?
2. Hversu margir í þeim hópi falla undir NEET-skilgreiningu um að vera ekki í vinnu, virkni eða námi (e. *Not in Education, Employment, or Training, NEET*)?
3. Hvaða þjónustu býður Vinnumálastofnun ungmennum á aldrinum 16–18 ára?
4. Hvaða úrræði býður Vinnumálastofnun sem miðast að ungu fólki sem fellur undir NEET-skilgreiningu?
5. Hverjar eru skyldur Vinnumálastofnunar gagnvart ungu fólki sem hefur aldrei verið á vinnumarkaði og á því ekki rétt á atvinnuleysisbótum? Hvernig er þeim skyldum sinnt?
6. Hvernig þjónustar Vinnumálastofnun ungt fólk sem á engan frekari rétt til bóta eftir að hafa þegið atvinnuleysisbætur í 30 mánuði en tekst ekki að ráða sig í nýja vinnu á þeim 24 mánuðum sem þurfa að líða til að einstaklingur vinni sér inn bótarétt að nýju?

Skriflegt svar óskast.